

Foreldrafélag Núps - Fundargerð

Fundur nr.:	2
Staður:	Núpalind 3
Dagsetning:	3. desember 2014
Tími:	16:00
Fundarritari:	Guðbjörg
Mættir:	Svana Kristinsdóttir, Rebekka Gylfadóttir, Aníta Ólafsdóttir, Guðbjörg Þorsteinsdóttir, og Hildur Jónsdóttir
Fjarverandi:	Ingunn Högnadóttir
Dagskrá:	Ýmiss málefni leikskólans

Svana byrjaði fundinn á því að fjalla um veikindi starfsmanna og fjarveru þeirra vegna veikinda barna þeirra. Sendur var út tölvupóstur til allra foreldra þar sem þeim var tjáð að á leikskólann hafi vantað að meðaltali 5 manns alla daga frá 1.nóvember. Staðan væri sú að ef fjarvera starfsmanna heldur áfram þá þyrfti að grípa til þess ráðs að senda börn heim eða stytta dag þeirra. Í nóvember hefur þetta gengið því að á móti fjarveru starfsmanna þá hafa mörg börn verið fjarverandi vegna veikinda líka.

Á fundinum var rætt um verkfall starfsmanna Kópavogsbæjar sem var fyrirhugað 10.nóvember síðastliðinn. Samningar náðust rétt fyrir opnun leikskólana og þurfti því ekki að grípa til neinna aðgerða. Svana benti þó á að þessir samningar eru bara til maí á næsta ári og því ekki vitað hvað gerist þá.

Ný námskrá er í vinnslu hjá leikskólanum. Verið er að fara yfir starfsetningu og stefnt er að því að hún verði tilbúin eftir viku. Áður en hún verður gefin út þá mun foreldraráð fá að lesa hana yfir. Á heimasíðu leikskólans er námskrá frá 2010 og því fagnaðarefni að ný námskrá sé væntanleg.

Foreldraráðið tók þá ákvörðun að kanna hvort að mötuneyti leikskólans sé að fá nægt fjármagn til að elda hollan og góðan mat fyrir börnin. Mikið er rætt um það í fjölmiðlum í dag að skóla- og leikskólamötuneyti séu fjársvelt. Endalaus niðurskurður þýðir að mötuneyti er neydd til að kaupa inn meira magn af unnum matvörum og öðrum óhollum mat.

Foreldraráð ætlar að hafa samband við önnur foreldraráð leikskóla Kópavogsbæjar og athuga hvort að þau vilji fara í samstarfs með okkur um það að kanna gæði matar. Ef raunin er sú að matseðlar standist ekki þær kröfur sem Lýðheilsustöð setur þá mun foreldráð senda formlega kvörtun til Kópavogsbæjar og krefjast úrbóta.

Fundi lauk kl. 17:00